



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/317  
komudagur 18.11.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Byggðastofnun b.t. Aðalsteins Þorsteinssonar forstjóra Ártorgi 1 550 Sauðárkrókur	3. desember 2009	B-14 SA/bb

## Efni: Beiðni um mat á efnahagsreikningi og eignasafni hjá Byggðastofnun

Byggðastofnun óskaði eftir því með bréfi dags. 2. október sl. að Ríkisendurskoðun gerði úttekt og greiningu á efnahagsreikningi og eignasafni Byggðastofnunar, og þá einkum hvort framlög í afskriftarsjóð útlána endurspegli réttilega þá áhættu sem í útlánasafninu liggur.

Til efni þessarar beiðnar er eins og fram kemur í ofangreindu bréfi Byggðastofnunar sú að undanfarna mánuði hafa íslenskar fjármálastofnanir gengið í gegnum erfiða tíma og hafa þurft á aðstoð ríkisins að halda. Gerð er krafa um óháða úttekt á efnahagsreikningi og eignasafni áður en aðstoð er veitt. Fyrir liggur að Byggðastofnun þarf á auknu fé að halda til að styrkja eiginfjárgrunn sinn sem skv. árshlutauppgjöri pr. 30. júní 2009 er neikvæður um 4,74% en ber skv. 84. gr. laga um fjármála-fyrirtæki, nr. 161/2002, og Evróputilskipun (Capital Adequacy Directive, 93/6/EEC og 98/31/EEC) að vera að lágmarki 8%. Fjármálaeftirlitið hefur gefið stofnuninni frest til 8. desember 2009 til að uppfylla kröfur um lágmarkseiginfjárgrunn. Samkvæmt frumvarpi til fjárákurlaga 2009 er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra verði heimilað að leggja Byggðastofnun til 2.600 m.kr. til að ráða bót á eiginfjárstöðunni. Lætur nærri að það sé sú fjárhæð sem vantar upp á að Byggðastofnun uppfylli lágmarkseiginfjárkröfuna.<sup>1</sup> Auk þess hefur verið gengið út frá því að víkjandi lán stofnunarinnar og stofnfé sem hún mun eignast við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna verði keypt af stofnuninni. Við það eykst eiginfjárlutfallið.

Ríkisendurskoðun átti fund með forstjóra og fjármálastjóra Byggðastofnunar sem veittu margháttáðar upplýsingar bæði munnlega og skriflega. Farið var yfir stöðu á stærstu lánum, m.a. með tilliti til fjárhagsstöðu lántakenda, greiðslugetu og tryggingarstöðu. Einnig var farið yfir gögn um vanskil á lánum. Ríkisendurskoðun fór einnig yfir gögn um nokkrar lánaafgreiðslur, bæði lánaumsóknir sem voru

<sup>1</sup> Í skýrslu Byggðastofnunar um eiginfjárkröfu og áhættugrunn (Corep) sem send var Fjármálaeftirlitinu 30. september 2009 kemur fram að eiginfjárlutfallið var þá -3,92% og vantar skv. því 2.657 m.kr. upp á að stofnunin nái 8% eiginfjárlutfalli.

samþykktar og aðrar sem var hafnað. Rætt var við ytri og innri endurskoðanda Byggðastofnunar, m.a. um hvernig þeir leggja mat á útlánatöp og mat þeirra á verklagsreglum um veitingu útlána, utanumhald um lán, innheimtu lána o.s.frv. Endurskoðunarstofan Ernst & Young annast ytri endurskoðun í umboði Ríkisendurskoðunar. Byggðastofnun hefur einnig ráðið sama fyrirtæki til að annast innri endurskoðun stofnunarinnar.

### Mat á afskriftum vegna útlána

Byggðastofnun er með um 1600 útistandandi lán til um 600 lántakenda. Ekki er annað að sjá en að útlán séu nokkuð vel dreifð eftir atvinnugreinum sem ætti því að draga úr ákveðinni útlánaáhættu. Neðangreind tafla sýnir skiptingu útlána eftir atvinnugreinum í árslok 2008. Vægi lána til sjávarútvegs verður reyndar að teljast hlutfallslega hátt en endurspeglar vægi greinarinnar á landsbyggðinni. Liðurinn þjónustustarfsemi er eins og gefur að skilja nokkuð ósamkynja en ferðaþjónusta vegur þar þungt. Bæði sjávarútvegur og ferðaþjónusta eru útflutningsgreinar sem njóta góðs af lágu gengi krónunnar (þótt vissulega kunni gengisbundin lán þeirra að hækka á mótí).

<i>Atvinnugrein lántakenda</i>	<i>Hlutfall útlána</i>
Þjónustustarfsemi	34,69%
Sjávarútvegur	33,08%
Iðnaður	14,81%
Einstaklingar (í rekstri)	5,89%
Fjármálastofnanir	5,57%
Landbúnaður	2,36%
Opinberir aðilar	0,57%
Annað	3,04%
Samtals	100,00%

Fyrir hendi eru skriflegar reglur um útlán og skjölum upplýsinga virði í góðu lagi, m.a. er til staðar rökstuðningur fyrir afgreiðslu umsókna og haldið er utan um samskiptasögu við lántakendur. Vel er fylgst með vanskilum og sýnir Byggðastofnun m.a. frumkvæðið við að fylgjast með stöðu mála hjá lántakendum. Þá virðist mjög hafa dregið úr að málum sé þrýst í gegn á pólitískum forsendum og telja aðilar sem rætt var við þetta ekki vandamál lengur. Byggðastofnun hefur í samvinnu við endurskoðendur sína komið upp fastmótuðu verklagi um mat á afskriftarþörf vegna útlána og er ekki annað að sjá en að því sé vel fylgt eftir.

Rétt er að taka fram að engin alveg örugg aðferð finnst sem hægt er að nota til að mæla hugsanleg útlánatöp lánastofnana, ekki síst við núverandi aðstæður sem hljóta að teljast um margt óvenjulegar. Mat á útlánatöpum er oft byggt á sögulegum upplýsingum um slík töp í fortíðinni en við mjög óvenjulegar aðstæður hefur slík aðferðafræði takmarkað gildi.

Við mat á hugsanlegum útlánatöpum Byggðastofnunar þarf því að horfa til ýmissa þátta. Almennt má segja að vísbendingar um útlánatöp og afskriftarþörf séu m.a. eftirtaldar:

- Vanskil. Hvort lán eru í skilum og, ef ekki, hver sé fjárhæð og þróun vanskila.
- Fjárhags- og rekstrarstaða lántakenda, m.a. hvort fyrirtæki er í rekstri, hvert sé sjóðstreymi þeirra, og hvaða áhætta er til staðar varðandi fjármögnun (t.d. vegna gengis- og vaxtaáhættu) og rekstur (hráefnisöflun, markaðshorfur o.þ.h.)
- Tryggingastaða vegna lána, þ.e. hvaða veð og/eða ábyrgðir eru til staðar og hvert mat á verðmæti þeirra sé í hlutfalli við stöðu áhvílandi lána.
- Ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna fjárhagserfiðleika, t.d. frysting vaxta og afborgana, skuldbreyting o.s.frv.

Samkvæmt reglugerð um Byggðastofnun skal mynda afskriftareikning útlána sem sýnir á hverjum tíma þá áhættu sem tekin hefur verið og fólgin er í útlánnum stofnunarinnar. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um lánveitlingar, ábyrgðir og hlutafjórþátttöku skal taka tillit til þeirrar áhættu sem af þeim leiðir með framlagi í afskriftareikning. Þannig er myndaður afskriftareikningur gagnvart sérhverri lánveitingu stofnunarinnar. Undanfarin ár hefur staða afskriftarreiknings þróast eins og neðangreind tafla sýnir:

<i>f.m.kr.</i>	<i>Staða útlána (fyrir niðurfærslu)</i>	<i>Staða afskr.reikn.</i>	<i>Hlutfall</i>
2004	11.370	1.211	10,65%
2005	9.679	939	9,71%
2006	10.151	898	8,85%
2007	10.049	796	7,92%
2008	21.115	1.767	8,37%
2009 (jan.-júni)	22.352	3.633	16,25%

Afskriftarreikningur vegna útlána hefur hækkað ört á þessu ári og nemur núna 16,3% af útlánnum. Í sögulegu samhengi telst þetta hátt en afskriftarhlutfallið hefur undanfarin ár yfirleitt verið um og yfir helmingur af þessu hlutfalli. Rétt er að taka fram að hérna er enn sem komið er að stærstum hluta um að ræða varúðarafskrifir til að mæta væntanlegum eða áætluðum útlánatöpum. Hins vegar liggur ekki fyrir hvert endanleg útlánatöp verða.

Í lok september 2009 námu vanskil af öllum útlánnum samtals 864 m.kr. Vanskil sem hlutfall af útlánnum námu þannig 3,8%. Hlutfall vanskila vekur ekki sérstakar áhyggjur en í því sambandi ber samt að hafa í huga að í sumum tilvikum hefur greiðslufrestur á vöxtum og afborgunum verið lengdur. Að því marki sem slíkar aðgerðir nægja ekki til að leysa vanda lántakenda, heldur fresta honum aðeins, má segja að hlutfall vanskila gefi misvísandi mynd.

Byggðastofnun hefur tekið saman yfirlit yfir stöðu stærstu áhættuskuldbindinga í útlánasafni stofnunarinnar pr. 30.09.2009. Alls er þar um að ræða 18 aðila með lán sem nema 6.535 m.kr. (heildarútlán Byggðastofnunar eru 22.587 m.kr.). Framlag á afskriftarreikning (varasjóð) vegna þessara aðila nemur samtals um 1.405 m.kr. eða sem nemur 22%. Af þessum lántakendum eru 11 í vanskilum með eitt eða fleiri lán og nema vanskil samtals 266 m.kr.

Ástæða er til að fjalla einnig sérstaklega um lán Byggðastofnunar til sparisjóða. Byggðastofnun var einnig í þeirri stöðu að árin 2005-2006 var mikið greitt upp af lánum hennar enda mikið framboð á ódýru lánsfé af hálfu bankanna. Til að bregðast við þessu hóf Byggðastofnun m.a. að lána sparisjóðum í því skyni að koma peningunum „í vinnu“. Það var reyndar ekki eina ástæða lánveitinga en þær hefðu þó trúlega ekki komið til nema vegna mikils lausafjár stofnunarinnar á þessum tíma.

<i>Í m.kr.</i>	<i>Staða útlána (fyrir niðurfærslu)</i>	<i>Staða afskr.reikn.</i>	<i>Hlutfall</i>
<b>Víkjandi lán:</b>			
Byr sparisjóður	326,1	163,0	50%
Sparisjóður Norðfjarðar	199,1	2,4	1%
Sparisjóður Bolungarvíkur	249,6	124,3	50%
Sparisjóður Þórshafnar og nágr.	130,7	91,5	70%
Sparisjóðurinn í Keflavík	343,5	171,7	50%
<b>Ekki víkjandi lán:</b>			
Sparisjóður Svarfdæla	2,2	0,2	10%
Sparisj. Húnaþings og Stranda	5,6	0,6	10%
Sparisjóður Vestfjarða	20,3	2,0	10%
Samtals	1.277,0	555,8	44%

Tap Byggðastofnunar vegna lána til sparisjóða stefnir í að vera á milli 500-600 m.kr. sem er um 44% af lánum til þeirra. Um var að ræða víkjandi lán án nokkurra trygginga (ólíkt öðrum lánum Byggðastofnunar). Var það rökstutt með því að sparisjóðirnir færu ekki á hausinn frekar en aðrar fjármálastofnanir. Lánin voru víkjandi því þannig nýttust lánin sparisjóðunum við útreikning á eiginfjárlutfalli. Segja má (eftir á að hyggja) að það hafi ekki reynst góð ráðstöfun að endurlána fé án trygginga til annarra fjármálastofnana (sparisjóða) í ljósi þess hversu áhættusama útlánastarfsemi þær stunduðu. Á móti kemur að þessi áhætta íslenska fjármálakerfisins virðist almennt ekki hafa verið upp á borðum og leiddi m.a. ekki til neinna viðbragða af hálfu endurskoðenda viðkomandi lánastofnana né opinberra eftirlitsaðila. Miðað við að fyrirbyggjandi áform um nauðasamninga sem byggjast á að fjárhagsleg endurskipulagningu sparisjóðakerfisins með stuðningi ríkisins nái fram að ganga verður að telja mat á niðurfærslu þessara lána fullnægjandi. Það er samt rétt að undirstrika að ennþá er unnið að mati á fjárhagsstöðu sumra sparisjóðanna og að talsverð óvissa ríkir almennt um stöðu og framtíð sparisjóðakerfisins.

Þá er tilefni til að víkja einnig sérstaklega að lánum til rækjuframleiðenda enda eru þau í mikilli tapshættu og hafa reyndar þegar verið færð mikið niður af þeim sökum. Lán Byggðastofnunar til fjögurra aðila í þessari grein nema samtals 1.862 m.kr. og hafa þau verið færð niður um 811 m.kr. eða sem nemur 44%. Bókfært virði lána er því 1.051 m.kr. Eins og kunnugt er „hrundi“ þessi grein á sínum tíma vegna aflabrests og fleiri þátta (m.a. kostnaðarhækkana og verðlækkana á mörkuðum). Verksmiðjum hefur fækkað úr 20 í 5. Einhver von er talin til þess að veiði á rækju fari aftur að glæðast og að rekstrargrundvöllur skapist fyrir þá aðila sem eftir standa í greininni. Þetta ásamt því að útgerðirnar hafa borgað af lánunum hefur þýtt að Byggðastofnun telur einhverja möguleika á að endurheimta lánin. Lánum hefur verið skuldbreytt og þau lengd til að minnka greiðslubyrðina. Vanskil eru því tiltölulega lítil eða 71 m.kr.

Til tryggingar lánnum eru m.a. veð í skipum með veiðiheimildir en Byggðastofnun á veð í skipum með um 30% af öllum úthlutuðum rækjukvóta. Þrátt fyrir litla rækjuveiði er engu að síður ákveðin verðmæti falin í kvótanum en hann hefur verið notaður sem „skiptimynt“ í öðrum kvótaviðskiptum. Að mati Ríkisendurskoðunar hlýtur veruleg óvissa að vera um endurheimtur á þessum lánnum eins og reyndar mikil niðurfærsla lánanna ber með sér. Í ljósi þess að greitt er af lánnum og einhver batamerki eru í greininni eru samt vonir til þess að einhver hluti þeirra fáiast endurgreiddur þótt ómögulegt sé að segja til um hvert það hlutfall verði á endanum.

Hærri framlög á afskriftarreikning hjá Byggðastofnun endurspegla vitaskuld breytta og verri fjárhagsstöðu margra lántakenda hennar. Þar skipir ekki síst máli mikil veiking á gengi íslensku krónunnar undanfarið eitt og hálf t.ár sem hefur leitt til mikillar hækkunar lána í erlendum myntum (einkum á CHF og JPY). Staða lántakenda eftir því hvort þeir hafa að mestu tekjur í krónum eða í erlendum myntum er að sjálfsögðu mjög mismunandi. Þróun gengis á næstu misserum hefur úrslitaáhrif um getu lántakenda til að endurgreiða lán í erlendum myntum og þar með hvort Byggðastofnun þarf að færa slík lán endanlega niður. Í raun er ómögulegt að spá með nokkurri vissu fyrir um gengisþróun á næstu árum en til langs tíma má ætla að gengi krónunnar styrkist eitthvað. Gefist lántakendum möguleikar á að frysta hluta afborgana og vaxta tímabundið eru því vonir til þess að þeir geti staðið af sér veikt gengi krónunnar.

Útlánatöp Byggðastofnunar virðast lægri um þessar mundir en margra annarra lánastofnana þegar horft er til framlaga á afskriftarreikning. Ástæða er til að staldra aðeins við þessa staðreynd því fyrirfram hefði jafnvel mátt búast við að lánveitingar Byggðastofnunar væru áhættusamari en margra annarra. Það felst enda í reynd í hlutverki stofnunarinnar að hún veitir lán til aðila, m.a. á landsbyggðinni, sem ekki hafa aðgang að lánsfé í gegnum aðrar lánastofnanir á viðráðanlegum kjörum.

Á þessu má finna þá skýringu að svo virðist sem Byggðastofnun hafi tamið sér varkárari vinnubrögð við lánveitingar heldur en ýmsar fjármálastofnanir á undanförunum árum. Þannig veitti hún aðeins lán til svokallaðra „rekstrarfélaga“ en ekki til eignarhalds- og fjárfestingarfélaga. Lán stofnunarinnar voru veitt til að standa undir kaupum á fasteignum, áhöldum og tækjum til atvinnurekstrar viðkomandi aðila og í nokkrum tilvikum til að breyta óhagstæðum skammtímaskuldum í lengri lán. Ekki tíðkaðist að veita lán til kaupa í beinu fjárfestingaskyni á hlutabréfum og fasteignum. Þá er ekki ósennilegt að það verkleg Byggðastofnunar að leggja strax við lánveitingu mat á útlánaáhættu (og færa þá framlag á afskriftareikning) geri það að verkum að starfsmenn hennar hafi verið meira vakandi fyrir slíkri áhættu.

Byggðastofnun, eins og aðrar lánastofnanir hér á landi, veitti vissulega lán í erlendum myntum til aðila sem eingöngu eða að mestu leyti eru með sjóðsteymi í íslenskum krónum. Gildir þetta t.d. um lán til aðila í landbúnaði. Í ljósi þess hve íslenska krónan er sveiflukennd má segja að þetta hafi verið misráðið þótt vissulega megi færa rök fyrir því að til lengri tíma litið jafnist slíkar sveifur út. Önnur rök fyrir lánveitingum í erlendum myntum var sá gríðarmikli vaxtamunur sem er á milli krónulána og gengisbundinna lána sem ýtti undir lántökur í erlendum myntum.

Engu að síður virðist mega slá því föstu að færa megi rök fyrir að útlánatöp Byggðastofnunar séu frekar í lægri kantinum í samanburði við margar aðrar lánastofnanir. Rétt er að undirstrika að þróun efnahagsmála næstu misseri skiptir sköpum fyrir getu margra lántakenda til að endurgreiða lán sín og þessi staða kann því að breytast. Að svo stöddu telur Ríkisendurskoðun samt ekki ástæðu til að gera athugasemdir við mat stjórnenda og endurskoðenda á verðmæti útlána eins og það kemur fram í árshlutareikningi 30. júní 2009.

### **Mat á afskriftum vegna eignarhluta í félögum**

Undanfarin ár hefur Byggðastofnun lítið keypt hlutabréf félaga í atvinnurekstri, en frá fyrri tíð á stofnunin í 65 félögum. Langflest þessara félaga eru í rekstri þótt nokkur séu hætt starfsemi eða gjaldþrota. Byggðastofnun hefur ýmist verið stofnfjárfestir, tekið þátt í hlutafjáraukningu eða breytt lánnum í hlutafé. Ekki eru til ákveðnar verklagsreglur um slík kaup heldur hefur verið tekin ákvörðun um þau hverju sinni. Það er reyndar stefna Byggðastofnunar að hætta með hlutafjárframlög en lána þess í stað.

Verðmæti hlutafjár í eigu Byggðastofnunar var 1.032 m.kr. skv. árshlutareikningi í lok júní 2009. Hlutir eru almennt færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, þótt í einstöku tilfellum séu þeir færðir miðað við hlutdeild í eigin fé. Á undanförunum árum hefur þessi eign verið færð mikið niður, en upphaflegt kaupverð hlutanna er 1.522 m.kr.

Telja verður að mjög erfitt sé að segja til um hvert sé raunverulegt verðmæti hlutabréfaeignar Byggðastofnunar. Meginreglan er að allt hlutaféð er til sölu, en þrátt fyrir það fást sjaldan tilboð í það og það hreyfist mjög lítið. Lítil sem enginn arður er af hlutafjáreigninni. Stofnunin hefur fært niður hlutafé þeirra fyrirtækja sem hætt eru starfsemi. Erfiðara er að ákvarða með niðurfærslu vegna fyrirtækja sem eru í rekstri, hafa jákvætt sjóðstreymi og safna ekki skuldum. Ein aðferð væri að meta þessi félög út frá hlutdeild sinni í væntum framtíðarhagnaði þeirra (hvort sem arður er greiddur út eða ekki) og miða við einhverja tiltekna ávöxtunarkröfu sem endurspeglar fjármagnskostnað Byggðastofnunar og eðlilegt áhættuálag. Miðað við bókfært verðmæti hlutabréfaeignarinnar og t.d. 15% ávöxtunarkröfu þyrfti hlutdeild í hagnaði að nema 155 m.kr. árlega til að standa undir núverandi verðmati. Ljóst er að hlutafjáreignin skilar í reynd mun minni ávöxtun sem ætti þá að leiða til lækkunar á verðmætinu.

### **Mat á afskriftum vegna fasteigna (fullnustueigna)**

Byggðastofnun á 10 fasteignir sem hún hefur leyst til sín í tengslum við vanskilamál. Þessar eignir eru metnar á samtals 183 m.kr. í árshlutareikningi 30. júní 2009. Fasteignamat þessara eigna er 267 m.kr. Góð hreyfing hefur verið á fasteignum sem stofnunin hefur leyst til sín, þótt efnahagsástandið nú hægi á sölu. Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við mat þessara eigna.

### Mat á afskriftum vegna peningamarkaðsinnlána

Við hrun bankanna í október 2008 átti Byggðastofnun fjármuni á peningamarkaðs-reikningum hjá SPRON, samtals að fjárhæð 256 m.kr. Í ljósi endurgreiðslu sem fékkst eftir uppgjör þessara reikning voru kröfurnar færðar niður um 192 m.kr. (75%) í árshlutareikningi 30. júní 2009. Endurgreiðsla hefur ekki fengist þar sem tími til að lýsa kröfu í þrotabú SPRON er ekki liðinn. Um er að ræða varúðarniðurfærslu þar sem ekki er vitað hver endanleg endurgreiðsla verður. Stofnunin mun lýsa kröfunni sem forgangskröfu þar sem um bankainnlán er að ræða.

### Mat á afskriftum vegna ábyrgða

Veittar ábyrgðir Byggðastofnunar nema samtals 390 m.kr. og tengjast lánnum annarra aðila til þriggja háskóla, þ.e. Háskólans á Bifröst, Hólaskóla í Hjaltadal og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

<i>Í m.kr.</i>	<i>Staða ábyrgða (fyrir niðurf.)</i>	<i>Staða afskr.reikn.</i>	<i>Hlutfall</i>
Háskólinn á Bifröst	106,6	5,3	5%
Nemendagarðar Hólaskóla	143,7	7,2	5%
Nemendagarðar Háskólans á Hvanneyri	140,0	7,0	5%
Samtals	390,3	19,5	5%

Ábyrgðin vegna Háskólans á Bifröst er gagnvart NBI hf.. Byggðastofnun er með 200 m.kr. tryggingabréf (þinglýst á 1.-4. veðrétti) á sex skólabyggingum á Bifröst sem baktryggingu. Á undan tryggingabréfinu hvíla 8 m.kr. Heildarfasteignamat eignanna er 259 m.kr.

Ábyrgðin vegna nemendagarða Hólaskóla er gagnvart Sparisjóði Skagafjarðar. Engar tryggingar eru að baki ábyrgðinni.

Ábyrgðin vegna nemendagarða Háskólans á Hvanneyri er gagnvart Arion banka. Engar tryggingar eru að baki ábyrgðinni.

Byggðastofnun fylgist með stöðu lánanna og fær tilkynningar ef vanskil verða. Almennt hafa lán verið í fullum skilum að frátöldu því að komið hafa upp annað slagið vanskil á Hvanneyri en því hefur jafnan verið kippt í liðinn fljótlega.

Allir skólarnir hafa sérstök félög sem reka heimavistir. Lánin eru á nafni þeirra nema í tilfelli Bifrastar, en þar eru lánin á kennitölu skólans.

### Aðrir áhættuþættir

Þó svo að í bréfi Byggðastofnunar hafi aðeins verið óskað eftir úttekt á efnahags-reikningi og eignasafni Byggðastofnunar er rétt að benda á að hugsanleg töp vegna útlána eru ekki eini áhættuþátturinn í rekstri Byggðastofnunar. Rétt þykir að víkja stuttlega að þessu.

Ákveðið ójafnvægi er til staðar í fjármögnun stofnunarinnar vegna misvægis á milli gengisbundinna eigna og skulda. Þetta hefur í för með sér gengisáhættu. Þá er ljóst að möguleikar til fjármögnunar stofnunarinnar eru minni en áður, t.d. er aðgengi að erlendu lánsfé takmarkað og einnig er hætt við að stofnunin þurfi að sætta sig við lakari lánakjör. Telja verður nokkuð óljóst með hvaða hætti stofnunin getur mætt þessu.

### *Gengisáhætta*

Lánastofnanir þurfa að gæta að jafnvægi á milli gengisbundinna eigna og skulda. Til að mæta þessu gerði Byggðastofnun gjaldeyrisvarnarsamninga við Glitni árið 2005, en þá líkt og nú var skekkja á milli erlendra skulda stofnunarinnar og útlána í erlendri mynt. Voru þessir samningar gerði upp seinni hluta árs 2006. Annar samningur við Glitni var gerður vorið 2008 en íslenska krónan hafði þá veikst mikið og gengishagnaður myndast hjá Byggðastofnun<sup>2</sup>. Það var mat Byggðastofnunar sem taldi að gengið ætti aftur eftir að styrkjast, að rétt væri að verja þann gengishagnað sem þá hafði myndast. Mismunur á milli gengisbundinna eigna og skulda var um 3 ma.kr. og var gerður samningur um að verja tæpan þriðjung gengismunarins. Gengi krónunnar féll hins vegar áfram sem kunnugt er og því leiddi samningurinn til þess að gengishagnaður stofnunarinnar á árinu 2008 varð 343 m.kr. lægri í árslok en hann hefði annars orðið.

Gengisbundnar eignir Byggðastofnunar voru 13.701 m.kr. í lok júní 2009 og námu um 60,1% af heildareignum stofnunarinnar. Á sama tíma voru gengisbundnar skuldir 15.307 m.kr. (67,2% af efnahagi). Þá er einnig misræmi á samsetningu þessara eigna og skulda eftir einstökum myntum. Ef tekin er brúttó staða útlána, þ.e. útlán án afskriftarframlags, eru útlán í erlendri mynt tæpum 800 m.kr. hærri en lántökur. Ákveðin gengisáhætta er til staðar vegna þessa ójafnvægis á milli eigna- og skuldahlíðar efnahagsreiknings. Þegar og ef krónan styrkist verður stofnunin með gengistap en á móti má gera ráð fyrir því að framlag í afskriftarreikning gangi til baka þar sem það er ákveðið hlutfall af útlánunum og greiðslugeta lántakenda sem tekið hafa gengisbundin lán en hafa tekjur í krónum miðast við fasta krónutölu.<sup>3</sup> Byggðastofnun, eins og reyndar aðrar lánastofnanir hér á landi, hefur við núverandi aðstæður takmarkaða möguleika aðra til að rétta af þetta ójafnvægi, í það minnsta til skemmri tíma litið. Staða Byggðastofnunar er reyndar betri en sumra annarra fjármálastofnana þar sem þetta misvægi vegur þar minna.

### *Vaxtaáhætta*

Undanfarin ár hafa lántakendur Byggðastofnunar, eins og reyndar annarra lánastofnana, sýnt mikinn áhuga á að taka lán í erlendum myntum. Ástæðan fyrir því er bæði að draga úr gengisáhættu með því að skulda í sömu fjárhæð og tekjustreymi

<sup>2</sup> Gengisbundnar eignir (án afskifta) voru hærri en gengisbundnar skuldir.

<sup>3</sup> Svipuð hugsun liggur til grundvallar áhættustýringar bankanna sem mæta gengistapi ef gengi krónunnar styrkist með því að bakfæra (tekjufæra) framlög á afskriftarreikning. Þetta vinnur á móti áhrifum af gengisbreytingum með því að virka sem einskona innbyggð gengisvörn (natural hedge).



fyrirtækisins, en ekki síður að njóta góðs af lægri vöxtum slíkra lána heldur en buðust á krónulánum.

Forsenda þess að hægt sé að bjóða slík lán er að lánastofnanir hafi aðgang að erlendu lánsfé á hagstæðum kjörum. Hins vegar liggur fyrir að aðgengi hérlendra aðila að erlendu lánsfé er snöggjum minna en áður og það fé sem kann að bjóðast ber mun hærri vexti. Hækki fjármagnkostnaður stofnunarinnar mun hún þurfa að hækka vexti á útlánum sínum, en heimild er til þess í lánasamningum (skuldabréfum). Þau mál munu vera í skoðun. Hins vegar liggur ekki fyrir hvert svigrúm lántakenda er til að mæta hærri fjármagnskostnaði.

#### *Fjármögnunar/lausaffjárahætta*

Handbært fé Byggðastofnunar var 2.729 m.kr. í lok júní 2009. Fyrir liggur að á næstu árum þarf hún að mæta stórum gjalddögum. Í júní 2010 kemur þannig til greiðslu á skuldabréfum sem gefin voru út 1998. Í febrúar 2012 þarf stofnunin að greiða lán frá erlendum banka sem tekið var 2007.

<i>Í m.kr.</i>	<i>Nettósjóðstreymi vegna lána</i>
2010	-2.418
2011	971
2012	-1.092
2013	979
2014	865

#### **Niðurlag**

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að efnahagur landsmanna hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum. Mikil skuldsetning fyrirtækja og heimila í „góðærinu“ hjálpar þar ekki til, en lán hafa hækkað mikið vegna gengishruns krónunnar og verðbólgu á sama tíma og verðmæti eigna hefur hriðfallið eftir mikla verðbólgu. Erfitt efnahagsástand gerir það m.a. að verkum að aðilar halda að sér höndum um neyslu og fjárfestingar. Þá er mikil óvissa um þróun ýmissa hagstæða á næstu misserum, ekki síst gengis og verðlags. Þetta þýðir að mat á verðmæti eigna lánastofnana er mjög örðugt eða jafnvel ómögulegt um þessar mundir enda lítið hægt að byggja á reynslutölum fyrri tíma við núverandi aðstæður.

Rétt er að beina því til stjórnenda Byggðastofnunar að þeir yfirfari fjárstýringu hjá stofnuninni með það fyrir augum hvernig stofnunin geti sem best mætt áhættu vegna gengis, vaxta og fjármögnunar.

Miðað við þá fyrirvara sem hér eru slegnir telur Ríkisendurskoðun ekki ástæðu til athugasemda við það eignamat sem fram kemur í árshlutareikningi Byggðastofnunar 30. júní 2009.

*Einnu nafni*

*Andrés Leifur Björnsson*

